

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 10. júní 2026

Mál nr. S-80/2026:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Egill Gylfason lögmaður*)

(*Elisabet Pétursdóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola*)

D Ó M U R

Mál þetta er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á Suðurnesjum 5. janúar 2026 á hendur X, kt. [...], [...], [...]. Hljóðar endanleg ákæra svo:

A. „Fyrir líkamsárás, gagnvart Y, kt. [...], með því að hafa, þriðjudaginn 15. október [2024], [...] á heimili Y að [...] [...], íbúð [...], [...], hrint Y þannig að hún lenti á bókaskáp og féll í gólfið, en svo þegar Y stóð upp greip ákærði í handlegg hennar, sneri upp á hann og ýtti henni aftur frá sér. Afleiðingar ársar ákærða voru þær að Y hlaut marga yfirborðsáverka á vinstri öxl og upphandlegg, sem og aðra yfirborðsáverka á vinstri mjöðm og læri.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. fyrir umsáturseinelti, með því að hafa á tímabilinu frá 1. október 2024 til 10. nóvember 2024, endurtekið elt, fylgst með, sett sig í samband við, hótad og með öðrum sambærilegum hætti setið um Y, kt. [...], allt gegn hennar vilja, en

háttsemi ákærða var til þess fallin að valda hræðslu og kvíða fyrir Y. Ákærði beitti m.a. eftirfarandi aðferðum við umsáturseineltið í garð Y:

B.I.

Á tímabilinu frá 1.–15. október 2024, eftir sambandslit þeirra, hringdi ákærði 56 sinnum í Y, ýmist í símanúmer hennar [...] eða í gegnum Facebook Messenger, en flestum símtalanna svaraði Y ekki.

B.II.

Þann 12. október 2024 tók ákærði mynd af bifreið Y í bílajakjallara í Reykjavík og sendi til Y. Síðar sama dag elti ákærði Y í akstri frá Reykjavík til Reykjanesbæjar.

B.III.

Þann 14. október 2024 sendi ákærði Y eftirfarandi skilaboð á Facebook Messenger: „*SC SC SC SC ER ÞAÐ SEM ÞÚ ERT AÐ GERA NÚNA ÞÚ FUCKING ÞORIR EKKI AÐ SVARA!!!*“

B.IV.

Þann 15. október [2024] kom ákærði óboðinn á heimili Y og framdi strax í kjölfarið líkamsárás gegn henni, sbr. kafla A.

B.V.

Á tímabilinu 7.–8. nóvember 2024 hringdi ákærði þrisvar sinnum úr símanúmerinu [...] í síma Y, símanúmer [...], þrátt fyrir að hafa þann 15. október 2024 ritað undir yfirlýsingu hjá lögreglu, þess efnis að hann skuldbatt sig til þess að nálgast ekki Y eða hafa við hana samband með nokkrum hætti, m.a. í símtölum og tölvupósti, í 6 mánuði.

B.VI.

Þann 8. nóvember 2024 líkaði ákærði við reikning Y á stefnumótaforritinu Smitten, þrátt fyrir að hafa þann 15. október 2024 ritað undir yfirlýsingu hjá lögreglu, sbr. lið B.V.

B.VII.

Þann 8. nóvember 2024 sendi ákærði Y tölvupóst, af netfanginu [...]@gmail.com á netfangið [...]@gmail.com, þrátt fyrir að hafa þann 15. október 2024 ritað undir yfirlýsingu hjá lögreglu, sbr. lið B.V.

B.VIII.

Þann 10. nóvember 2024 fylgdist ákærði með ferðum Y og elti hana frá bílakjallara að Hverfisgötu 20, Reykjavík, að bifreiðastæði hjá N1 við Hringbraut, Reykjavík, en ákærði lagði þar bifreiðinni [...] við hliðina á bifreið Y, sem læsti bifreið sinni, en ákærði reyndi að opna bifreið hennar, sló á rúður hennar og öskraði á Y að hann ætlaði að taka allt af henni og taka hana niður, allt þrátt fyrir að ákærði hafi þann 15. október 2024 ritað undir yfirlýsingu hjá lögreglu, sbr. lið B.V.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er í ákæru tekin upp einkaréttarkrafa af hálfu brotaþolans Y. Er endanleg krafa hennar sú, eins og henni var breytt við aðalmeðferð málsins, að ákærða verði gert að greiða brotaþola miskabætur að fjárhæð 4.700.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. október 2024 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar við að halda uppi kröfunni að viðbættum virðisaukaskatti.

Ákærði krefst sýknu en til vara er krafist vægustu refsingar. Þá er gerð sú krafa að allur sakarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, gerði greiddur úr ríkissjóði.

Málið var þingfest 4. febrúar 2026 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 15. apríl síðastliðinn.

1 Helstu málavextir

Í frumskýrslu lögreglu greinir að hún hafi, síðdegis þriðjudaginn 15. október 2024, verið kölluð að [...] [...], íbúð [...], [...], vegna „fyrirverandi kærasta sem var kominn inn til fyrirverandi kærustu og var sagður árásargjarn“, líkt og segir í skýrslunni. Hitti lögregla þar fyrir ákærða, X, og brotaþola, Y. Þá voru þar einnig staddar A, móðir brotaþola, og B, dóttir brotaþola.

Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu vegna „samskipta 1.–15. október 2024“. Greinir í skýrslunni að lögregla hafi yfirfarið samskipti ákærða og brotaþola á tímabilinu, en samskiptin voru tekin úr farsíma ákærða. Segir að alls hafi 62 símtöl verið sjáanleg á tímabilinu. Hafi 56 þeirra verið frá ákærða til brotaþola en sex símtöl frá henni til ákærða. Kemur fram að flestum hringingunum hafi ekki verið svarað. Þá segir í skýrslunni að 47 sms-skilaboð hafi fundist á tímabilinu. Voru 35 þeirra frá ákærða til brotaþola en 12 frá henni til ákærða. Enn fremur fundust 32 Messenger-skilaboð á tímabilinu. Voru 17 þeirra frá ákærða til brotaþola, auk þess sem 11 skilaboð höfðu verið afturkölluð (e. unsent), en fern skilaboð voru frá brotaþola til ákærða. Eru endurrit framangreindra skilaboða meðal framlagðra málgagna. Þar á meðal er þar að finna eftirfarandi skilaboð send frá Facebook/Messenger-reikningi ákærða til brotaþola 14. október 2024: „SC SC SC SC ER ÞAÐ SEM ÞÚ ERT AÐ GERA NÚNA ÞÚ FUCKING ÞORIR EKKI AÐ SVARA !!!“, sbr. ákærulið B.III.

Segir að lögregla hafi á vettvangi 15. október 2024 rætt við ákærða og brotaþola hvort í sínu lagi. Sagði hún nýlega hafa slitnað upp úr sambúð þeirra til sex ára og hafi ákærði áreitt sig stöðugt í kjölfar sambandsslitanna. Hann hafi umrætt sinn komið óboðinn á heimili brotaþola í þeim tilgangi að sækja eigur sínar. Kvaðst hún ekki hafa opnað fyrir ákærða sökum hegðunar hans undanfarið, en ákærði hefði sýnt af sér ógnandi hegðun og verið „ópægilegur“. Greindi hún meðal annars frá atviki sem átt hefði sér stað helgina áður. Hefði ákærði þá reynt að hringja í hana 25 sinnum og jafnframt sent brotaþola fjölmörg skilaboð. Sagði hún ákærða hafa ásakað sig um framhjáhald með öðrum manni og að hann hefði í hyggju að leita þann aðila uppi og ganga í skrokk á honum. Sagði hún þær ásakanir hins vegar algerlega úr lausu lofti gripnar. Kvaðst hún hafa hætt að svara ákærða, sem hafi þá haft samband við fjölskyldu hennar og vini. Kvaðst hún eiga skjáskot af flestum þeim skilaboðum sem ákærði hafi sent henni. Greindi brotaþoli

frá því að ákærði væri skuldum vafinn spilafíkill sem léti reiði sína bitna á henni. Sagði hún ákærða hafa beitt hana sífelldum hótunum, verið árasargjarn og hafi í reiðisköstum „framið skemmdarverk“ á heimilinu. Sagði brotþoli ákærða tvívegis hafa beitt hana kynferðislegu ofbeldi á meðan á sambandi þeirra hafi staðið, það fyrra hafi átt sér stað að kvöldi föstudagsins 30. ágúst 2024 en hið síðara að kvöldi þriðjudags 24. september sama ár.

Lögregla tók á ný skýrslu af *brotþola* 11. desember 2024. Greindi hún þar frá því að ákærði hefði „ruðst“ inn í íbúð hennar, þ.e. komið óboðinn inn, sýnt af sér ógnandi hegðun og tekið þar ýmsa hluti sem hann hafi ekki átt. Þá sagði hún ákærða hafa lagt á sig hendur og hrint sér upp að bókaskáp með þeim afleiðingum að hún féll í gólfíð. Þegar hún hafi staðið aftur upp hafi ákærði gripið í handlegg hennar og snúið upp á hann. Sagði hún þetta hafa tekið um fimm til tíu mínútur. Kvaðst brotþoli hafa leitað til neyðarmóttöku daginn eftir, 16. október 2024.

Sagði hún ákærða hafa reiðst og hann „tekið út reiði sína“ með því að brjóta á henni kynferðislega. Greindi hún lögreglu frá því að ákærði hafi í tvö skipti nauðgað henni, annars vegar með þvinguðum munnmökum og hins vegar með því að hafa samfarir í endaparm hennar. Greindi hún frá því að vera enn með áverka á endaparmi eftir seinni nauðgunina sem hún sagði hafa átt sér stað 24. september 2024.

Í samtali við lögreglu á vettvangi greindi *ákærði* frá því að nýverið hefði slitnað upp úr sambandi þeirra til sjö ára. Hann hefði umrætt sinn komið á heimili brotþola, en hann hafi áður ítrekað reynt að ná í hana í síma þar sem hann hafi viljað sækja ýmsar eigur sínar sem þar væru. Sagði hann brotþola hvorki hafa svarað í síma né dyrasíma. Hann hafi þó komist inn á stigagang fjölbýlishússins. Stuttu síðar hafi tíu ára dóttir brotþola, Elena Mist, komið heim og ákærði hafi þá farið á eftir henni inn í íbúðina. Sagði hann „eitthvert rifrildi“ hafa átt sér stað á milli þeirra, en hann hafi hvorki beitt andlegu né líkamlegu ofbeldi.

Lögregla ræddi á vettvangi einnig við vitnið A, móður brotþola. Sagði hún ákærða hafa verið að eltast við brotþola „síðustu daga“. Hafi hann meðal annars ekið á eftir henni á Reykjanesbrautinni frá Reykjavík til Reykjanesbæjar, en brotþoli hafi náð að „hrista hann af sér“. Síðar hafi þau séð ákærða aka hægt fram hjá heimili brotþola. Sagði hún ákærða hafa komið óboðinn inn á heimili brotþola umrætt sinn og „farið að

þeyta hlutum til á heimilinu og stinga hlutum ofan í poka“. Sagði hún þau hafa staðið í ágreiningi um skiptingu innbús.

Í frumskýrslu 10. nóvember 2024 greinir að lögreglu hafi borist tilkynning frá brotþola um að fyrrverandi sambýlismaður hennar, ákærði, væri að „öskra á sig og berja í rúðu“ bifreiðar hennar þar sem henni hafði verið lagt í bifreiðastæði við N1, Hringbraut.

Greinir í frumskýrslu að brotþoli hafi þar greint lögreglu frá því að ákærði hafi skyndilega birst þar sem hún var stödd á bifreiðastæðinu og „öskrað og hótad henni“. Nánar sagði hún ákærða hafa sagst ætla að „taka allt af henni og taka hana niður“. Kvaðst hún þó ekki átta sig nákvæmlega á því hvað hann hefði átt við með því. Brotþoli kvaðst hafa tekið ljósmynd af ákærða umrætt sinn, og er hún meðal framlagðra málgagna. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns segir að haft hafi verið samband við ákærða og honum gefinn kostur á að gefa sig fram á lögreglustöðinni í Keflavík, sem hann hafi gert. Þar hafi ákærði verið handtekinn og hann færður í fangaklefa. Segir í skýrslunni að brotþoli hafi sjáanlega verið í miklu áfalli og hafi skolfið úr hræðslu vegna atviksins. Segir að brotþoli hafi ekki talið sig örugga í daglegu lífi og hafi því farið fram á að nálgunarbann yrði lagt á ákærða.

Við skýrslutöku greindi brotþoli frá því að hafa ekið frá heimili sínu í Reykjanesbæ til Reykjavíkur umrætt sinn í þeim tilgangi að hitta þar skólafélaga sína, og hafi hún lagt bifreið sinni í bílakjallara við Þjóðleikhúsið. Þegar hún hafi lokið erindi sínu og komið til baka að bifreiðinni hafi hún séð að kveikt var á „rafgeymaljósi“ í mæla-
borði bifreiðarinnar og því hafi hún mælt sér mót við vinkonu sína, sem væri menntaður rafvirki, á bensínstöð N1 við Hringbraut til að kanna með ástand bílsins. Stuttu eftir að hún var þangað komin hafi ákærði komið þangað á bifreið sinni og lagt henni við hlið bifreiðar brotþola. Kvaðst brotþoli þá hafa tekið upp síma sinn og smellt myndum af ákærða og í kjölfarið hafi hún hringt í neyðarlínu. Sagðist brotþoli þá hafa læst bifreið sinni en ákærði hafi ítrekað reynt að opna dyrnar og barið á rúður bílsins. Ákærði hafi yfirgefið svæðið þegar brotþoli hafi gert honum ljóst að hún hefði kallað eftir aðstoð, eftir að hafa ausið yfir hana ókvæðisorðum. Bætti brotþoli því við að hún teldi ákærða hafa útbúið „gervi“ Snapchat-aðgang í þeim tilgangi að freista þess að ná sambandi við hana, auk þess sem ákærði hafi jafnframt „matchað“ brotþola á stefnumótaforritinu Smitten. Enn fremur greindi hún frá því að hringt hafi verið í hana úr óskráðu númeri 7. og 8. nóvember 2024.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 24. október 2024. Kvaðst hann þar eiga erfitt með að tjá sig um ávirðingar um kynferðisofbeldi, en varðandi „hitt“, þá kvaðst hann þar „kannski“ hafa farið „yfir strikið með símhringingar og svoleiðis“. Kvaðst hann hafa hringt ansi oft í brotaþola, „kannski óeðlilega oft“. Nánar aðspurður taldi hann að óeðlilega oft væri kannski tíu símhringingar í röð. Hann hafi hins vegar verið niðurbrotinn á þessum tíma vegna sambandsslita þeirra. Aðspurður kvaðst hann hafa farið á heimili brotaþola umrætt sinn í þeim tilgangi að sækja þar eigur sínar, en hann hafi áður reynt að gera brotaþola viðvart. Sagði hann brotaþola í fyrstu ekki hafa viljað opna dyrnar að íbúðinni, en hún hafi síðan hleypt honum inn með því fororði að hann ætti að „gera þetta í góðu“. Ákærði hafi þá einungis kveðist ætla að sækja nokkra hluti sem hann ætti í íbúðinni og hafi því næst gengið inn í herbergi og tekið þar saman föt sem hann átti og hafi þau þar átt í orðanippingum vegna atviks sem átt hafi sér stað í miðbæ Reykjavíkur nokkrum vikum áður. Að því búnu hafi hann farið inn í stofu í þeim tilgangi að ná þar í sjónvarp og heimabíó, en brotaþoli hafi þá „stoppað hann af“ og tilkynnt honum að hún hefði hringt í lögreglu. Kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa sýnt af sér ógnandi hegðun. Ákærði kvaðst aðspurður kannast við að hafa veitt brotaþola eftirför um Reykjanesbraut, frá Reykjavík til Reykjanesbæjar. Hann kvaðst þó „ekki beint“ hafa elt brotaþola, enda ætti hann sjálfur heima í Sandgerði og hafi för hans legið þangað. Hann hafi séð brotaþola „fyrir tilviljun“ við Perluna í Reykjavík. Þá kvaðst ákærði kannast við að hafa tekið ljósmynd af bifreið brotaþola í bílakjallara í Reykjavík og sent til brotaþola. Hann hafi þó enga hugmynd um hvers vegna hann hafi gert það. Ákærði tók fyrir að hafa nokkru sinni beitt brotaþola líkamlegu ofbeldi. Þó telji hann sig hafa beitt hana andlegu ofbeldi. Brotaþoli hafi þó ávallt náð að stöðva ákærða af og þau hafi leyst saman úr ágreiningi.

Ákærði gaf á ný skýrslu hjá lögreglu 11. nóvember sama ár. Var hann þar spurður út í atvik 10. nóvember sama ár. Kvaðst hann hafa verið að rúnta og komið við á bensínstöð N1 við Hringbraut, þar sem hann hafi rekist á brotaþola og ákveðið að leggja bifreið sinni við hlið hennar. Kvaðst hann hafa farið út úr bifreið sinni og bankað á rúðu bifreiðar brotaþola, en hún hafi ekki viljað við hann tala. Aðspurður kvaðst ákærði meðvitaður um skuldbindingu sína samkvæmt yfirlýsingu sem hann hafi undirritað 15. október sama ár. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa vitað að brotaþoli væri stödd í miðbæ Reykjavíkur umrætt kvöld og hafi hann viljað ná þar af henni tali vegna sambands slitanna. Kvaðst ákærði ekki muna hvort hann hafi reynt að opna dyr bifreiðar brotaþola. Þá kvaðst hann

ekki hafa slegið í rúðu á bíl brotaþola, heldur einungis bankað á rúðuna. Vel gæti þó verið að hann hafi hækkað róminn og kallað til hennar reiðilega: „ertu að fokking grínast“, eða eitthvað í þá veru. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa haft uppi þau ókvæðisorð sem brotaþoli hafi vísað til í framburði sínum. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa stofnað til gerviaðgangs á Snapchat. Hann kvaðst þó hafa sent brotaþola tölvupóst 8. nóvember sama ár auk þess að hafa hringt í brotaþola rétt fyrir miðnætti 7. sama mánaðar. Enn fremur sagði hann vel geta verið að hann hafi „matchað“ brotaþola á stefnumótaforritinu Smitten.

Ákærði segist hafa saknað brotaþola mjög mikið, enda hefðu þau verið saman í um sjö ár, og honum hafi liðið mjög illa.

Vitnið C gaf skýrslu hjá lögreglu 8. janúar 2025, en vitnið og brotaþoli eru systradætur. Sagði hún samband þeirra vera mjög náið og þær hafi ávallt haldið mjög góðu sambandi. Þær séu í raun trúnaðarvinir. Þórdís kvaðst hins vegar mjög lítið þekkja ákærða, enda sé hann mjög hlédrægur maður. Lýsti hún með almennum hætti upplifun sinni af samskiptum þeirra og vitnaði meðal annars í samtöl sín og brotaþola.

D gaf einnig skýrslu hjá lögreglu þennan sama dag. Kvaðst hún vera æskuvinkona brotaþola og væri samband þeirra náið, þótt samskiptum þeirra hafi heldur fækkað undanfarin ár. Hún kvaðst hins vegar ekki þekkja vel til ákærða, sem henni hafi virst vera heldur hlédrægur maður. Greindi hún með sama hætti almennt frá sambandi sínu og brotaþola og lýsti frásögnum hennar, meðal annars af atvikum 15. október 2024. Sagði hún brotaþola hafa orðið hrædda og fyllst kvíða. Hún kvaðst sjálf ekki hafa orðið vitni að ofbeldi ákærða í garð brotaþola.

Vitnið E kvaðst hafa kynnst brotaþola í skóla, en þau hefðu setið þar saman í stjórn nemendafélags. Kvaðst hann ekkert þekkja til ákærða og hafi aldrei rætt við hann. Ákærði hafi þó reynt að ná sambandi við vitnið í kjölfar atviks sem átt hafi sér stað í miðbæ Reykjavíkur. Kvaðst hann ekki hafa orðið vitni að ofbeldi af hálfu ákærða í garð brotaþola, þótt brotaþoli hafi rætt nokkuð opinskátt við hann um samband þeirra. Þá greindi vitnið frá því að brotaþoli hefði beðið vitnið og aðra meðlimi stjórnar nemendafélagsins að „blokka“ ákærða á „öllum samfélagsmiðlum“, en brotaþoli hafi gefið þær skýringar að hún væri þess fullviss að ákærði fylgdist með ferðum hennar.

Meðal málgagna er vottorð neyðarmóttöku, dagsett 16. október 2024, og læknisvottorð [L1], læknis á HSS, frá 25. nóvember sama ár. Segir í vottorði neyðarmóttöku, sem undirritað er af [L2] kvensjúkdómalækni:

„Stúlkan er ekki með á hreinu hvaða dag þetta gerist og talar óskýru máli og horfir í gaupnir sér en reynir að svar[a] því sem hún man. Er greinilega í miklu andlegu sjokki, niðurbrotin. Búin að þvo sér hátt og lágt og burstu tennur og skola munn og drekka vökva og taka lyfin sín, svo líkur á lífssýnum er takmörkuð [svo].

Við skoðun er hún með marblett [innanvert] á vi læri ofarlega og neðst utanvert á hægri litla [fingri] og myndum en vegna eymsla á vi mjöðm og öxl sjást ekki klárir áverkar entókum [svo] samt mynd.“ Þá liggja fyrir ljósmyndir af ætluðum áverkum á brotaþola sem teknar voru á neyðarmóttöku umrætt sinn.

Í læknisvottorði L1 heimilislæknis segir meðal annars:

„Líkamsskoðun: Segist vera aum í vinstri hlið líkamans [svo]. Mar á vinstri upphandlegg. Roði og bólga yfir vi deltoid, einnig að sjá klórfar. Klórfar á vinstri framhandlegg, blæðir þó ekki. Skert rom í vinstri handlegg. Flexion og extension axlarliðar án verkja, abduction max í 45gr vegna verkja. Vinstri mjöðm með eymsli og mar.

Greiningar: Margir yfirborðsáverkar á öxl og upphandlegg og [a]ðrir yfirborðsáverkar á mjöðm og læri.“

Í vottorði F sálfræðings frá 7. febrúar 2025 kemur fram að hún hafi hitt brotaþola fjórum sinnum í viðtölum á tímabilinu frá 6. nóvember 2024 til 7. janúar 2025, þar sem áhersla hafi verið lögð á að veita áfallahjálp og sálrænan stuðning, ásamt því að meta afleiðingar meintra brota. Segir í vottorðinu:

„Sálræn einkenni Y í kjölfar áfallsins samsvara einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatsmælikvarða samsvöruðu vel frásögnum Y í viðtölum. Hún virtist trúverðug og samkvæm sjálfri sér.

[...] voru áfallastreitueinkenni Y enn alvarleg í síðasta viðtalinu, þegar meira en mánuður var liðinn frá meintum brotum. Ekki er ljóst hver þróun þessara einkenna hefur verið síðan og því ekki hægt að segja til um meðferðarþarfir hennar vegna afleiðinga meintra brota. Mögulegt er að hún þurfi á formlegri meðferð að halda. Ekki er hægt að segja til með vissu hver áhrif meintra brota verða þegar til lengri tíma er litið en ljóst þykir að meint brot hafa haft víðtæk áhrif á liðan Y.“

Þann 15. október 2024 ritaði ákærði undir yfirlýsingu hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum þar sem hann skuldbatt sig til þess að koma ekki á eða vera við heimili brotþola að [...] [...], [...], veita henni eftirför, heimsækja eða vera með öðru móti í sambandi við hana, svo sem með símtölum, tölvupósti eða með öðrum hætti í sex mánuði frá þeim degi að telja.

Þá var ákærða með ákvörðun lögreglustjóra samkvæmt 7. gr. laga nr. 85/2011, dagsettri 11. nóvember 2024, gert að sæta nálgunarbanni til 11. maí 2025, sem staðfest var með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember sama ár.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa verið í sambúð með brotþola í um sex til sjö ár, en þau hafi slitið samvistum í október 2024.

Varðandi ætlað atvik þriðjudaginn 15. október 2024, sbr. ákærulið A, greindi ákærði frá því að hafa farið til brotþola umræddan dag í þeim tilgangi að sækja þangað eigur sínar. Kvaðst hann áður hafa reynt að ná sambandi við brotþola og gera henni viðvart, en það hafi ekki tekist. Sagði hann brotþola hafa hleypt sér inn í íbúðina. Sagði hann þau hafa rifist, en hann kvaðst neita fyrir að hafa veist að henni með þeim hætti sem greinir í ákæruliðnum. Kvaðst hann ekki geta útskýrt þá áverka sem greindust á brotþola í kjölfarið, og hún hafi ekki verið með sjáanlega áverka á líkama.

Varðandi ætluð atvik á tímabilinu frá 1. október til 10. nóvember 2024, og greinir í ákærukafla B og undirliðum þess kafla, sagði ákærði samskipti þeirra hafa verið mjög takmörkuð á þessum tíma.

Ákærði kvaðst hafa hringt oftsinnis í brotþola á tímabilinu 1.–15. október 2024, líkt og greinir í ákærulið *B.I*. Sagðist hann einkum hafa reynt að ná sambandi við brotþola í þeim tilgangi að nálgast eigur sínar, auk þess sem hann hafi viljað ræða við brotþola um sambandsslitin.

Ákærði sagði rétt að hann hefði tekið mynd af bifreið brotþola og sent henni, líkt og greinir í ákærulið *B.II*, í þeim tilgangi að ná athygli brotþola. Aðspurður kvaðst hann þó ekki hafa elt brotþola frá Reykjavík til Reykjanesbæjar, líkt og þar er lýst, en hann hafi þó ekið „sömu leið“ og brotþoli umrætt sinn. Um hafi verið að ræða hreina tilviljun.

Ákærði kvaðst kannast við að hafa sent brotaþola þau skilaboð sem greinir í ákærukafla *B.III*. Sagði hann „SC“ standa fyrir „screen-shot“. Kvaðst hann hafa verið í miklu uppnámi á þessum tíma og geti því ekki sagt til um hvers vegna hann hafi sent brotaþola skilaboðin.

Varðandi ákærulið *B.IV* kvaðst ákærði vísa til þess sem hann greindi áður frá varðandi A kafla-ákæru.

Varðandi ákærulið *B.V* sagði ákærði rétt að hann hafi, á tímabilinu 7.–8. nóvember 2024, hringt þrisvar sinnum í síma brotaþola þrátt fyrir að hafa þann 15. október sama ár ritað undir yfirlýsingu hjá lögreglu þar sem hann hafi skuldbundið sig til þess að nálgast ekki brotaþola eða hafa við hana samband með nokkrum hætti, meðal annars símtölum og tölvupósti, í sex mánuði frá þeim tíma. Þá sagðist hann hafa verið vel meðvitaður um þýðingu yfirlýsingarinnar en gaf þá skýringu að hafa verið í uppnámi á umræddum tíma.

Ákærði sagði rétt að hann hafi 8. nóvember 2024 „líkað“ við reikning brotaþola á stefnumótaforritinu Smitten, líkt og greinir í ákærulið *B.VI*. Hann hafi þó á þeim tíma ekki verið meðvitaður um að hafa gert það.

Ákærði kvaðst kannast við að hafa sent brotaþola tölvupóst 8. nóvember 2024, líkt og greinir í ákærulið *B.VII*. Hann kvaðst ekki muna hvers vegna hann hafi sent henni póstinn.

Varðandi ákærulið *B.VIII* kvaðst ákærði hafa verið á rúntinum í Reykjavík umrætt kvöld og hafa hitt brotaþola fyrir tilviljun á bifreiðastæði við N1. Hann hafi þó vitað af því að brotaþoli væri stödd í Reykjavík, líkt og hann hafi greint frá hjá lögreglu. Hann hafi í hugsunarleysi ákveðið að leggja bíl sínum við hlið hennar til að reyna að ná sambandi við hana og ræða við hana um sambandslitin og skiptingu eigna. Kvaðst hann hafa stigið út úr bíl sínum og bankað á glugga á bíl brotaþola, en hún hafi ekki viljað við hann tala. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa hótað brotaþola eða sýnt af sér háttsemi í þá veru. Hann kvaðst þó ekki muna hvort hann hafi verið æstur og reiður og lamið í glugga á bifreið brotaþola. Vel gæti verið að hann hafi „sagt eitthvað“, en hann muni atvik illa, enda hafi hann verið sorgmæddur og í miklu uppnámi. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið á gangi við bílakjallara á Hverfisgötu umrætt sinn. Borin var undir ákærða ljósmynd tekin við bílakjallara á Hverfisgötu 10. nóvember 2024 klukkan 19:35:28, sem er að finna meðal málgagna, og sýnir mann á gangi utan við bílakjallarann, en ákærði neitaði staðfastlega að vera sá maður.

Brotapoli, Y, sagði þau hafa verið í sambúð, en þau hafi slitið sambúð í september 2024.

Varðandi meint atvik þriðjudaginn 15. október 2024, sbr. ákærulið A, greindi brotapolí svo frá að ákærði hafi mætt óboðinn á heimili hennar, að sögn í þeim tilgangi að sækja þangað muni. Sagði hún þau hafa deilt um eignarhald muna sem ákærði hafi ætlað sér að taka og sagði hún ákærða hafa orðið mjög reiðan. Hún hafi því beðið hann um að fara, en ákærði hafi ekki orðið við því. Sagði hún ákærða hafa farið inn í svefnherbergi og „rótað í öllu“ og hent „út um allt“. Þá sagði hún ákærða hafa „hrint“ sér þannig að hún féll við á bókaskáp og „hrasaði aðeins“. Í kjölfar þess hafi ákærði tekið „þéttingsfast“ í handlegg hennar og snúið upp á hann. Kvaðst hún hafa „verið öll úti í marblettum eftir þetta“. Hún hafi verið í miklu „sjokki“ og hennar eina hugsun hafi lotið að því að koma ákærða út úr íbúðinni. Að sögn brotapolá hafi móðir hennar verið á heimilinu á meðan á þessu stóð. Hún hafi þó ekki séð það sem gerðist inni í svefnherbergi, þar sem hún hafi þá verið í stofunni.

Varðandi ákærulið B sagði brotapolí ákærða hafa ítrekað reynt að setja sig í samband við hana á þessu tímabili, bæði með símhringingum og skilaboðum. Sagði hún þetta hafa gert hana óttaslegna og hún fyllst óöryggi. Til að mynda hafi hún átt erfitt með að umgangast fólk utan heimilis.

Sérstaklega aðspurð um atvik sem lýst er í ákærulið *B.II* sagðist hún hafa verið að aka frá Reykjavík að heimili sínu í Reykjanesbæ umrætt sinn, þegar hún hafi talið sig hafa orðið vara við að ákærði veitti henni eftirför um Reykjanesbraut. Sagði hún eftirförina hafa staðið yfir í minnst 45 mínútur.

Brotapolí greindi frá því að ákærði hafi „líkað við“ reikning hennar á stefnumótáforritinu Smitten, líkt og lýst er í ákærulið *B.VI*, þrátt fyrir að hafa undirritað fyrrgreinda yfirlýsingu hjá lögreglu 15. október 2024. Þá sagði hún ákærða einnig hafa sent sér tölvu-póst, sbr. ákærulið *B.VII*.

Aðspurð um atvik sem lýst er í ákærulið *B.VIII*, þá greindi brotapolí frá því að sér hafi fundist sem henni væri veitt eftirför. Hafi hún því afráðið að aka bíl sínum inn á plan bensinstöðvar N1 við Hringbraut til að ganga úr skugga um það. Hafi ákærði þá ekið bifreið sinni upp að bíl brotapolá og reynt að ná sambandi við hana. Hafi hann meðal annars öskrað á hana eitthvað í þá veru að hann hefði í hyggju að „taka [hana] niður“ og „taka allt frá [henni]“, auk þess sem hann hafi reynt að opna bíl hennar og lamið í bílrúður. Sagðist brotapolí hafa orðið mjög hrædd og í raun hafi hún óttast um líf sitt.

Aðspurð kvaðst henni hafa liðið mjög illa á þessum tíma, hún verið „dauðhrædd“ um að „þetta myndi ekki taka enda“ og jafnvel að ákærði myndi á ný brjóta sér leið inn á heimili hennar og valda henni skaða. Þá sagði hún málið allt hafa haft mikil áhrif á sig. Þannig hafi hún til að mynda þurft að taka hlé frá námi í Háskóla Íslands og draga sig út úr stjórn nemendafélags háskólans.

Vitnið, *A*, móðir brotaþola, greindi svo frá atviki á heimili brotaþola þriðjudaginn 15. október 2024, að brotaþoli hafi opnað fyrir ákærða, sem hafi gengið inn í íbúðina, „mjög ógnandi“ og hafi sýnt af sér „ofsafengna“ hegðun. Kvaðst vitnið hafa heyrt „ótrúleg læti“ úr svefnherberginu, þar sem ákærði og brotaþoli voru, og „svakalegan dynk“. Sagðist hún þá hafa opnað dyrnar á svefnherberginu og talið sig skynja að ekki væri allt með felldu. Kvaðst hún hafa hringt í lögreglu. Að sögn *A* hafi brotaþola liðið mjög illa í kjölfar atvika.

C kvaðst vera frænka brotaþola, en þær væru systradætur. Sagði hún sambandsslit ákærða og brotaþola hafa verið erfið og því hafi fylgt mikil „reiði og mikil gremja“. Hún kvaðst sjálf ekki hafa orðið vitni að einstökum atvikum, en brotaþoli hafi þó greint henni frá samskiptum sínum og ákærða. Aðspurð sagði hún atvik öll hafa haft „gríðarleg áhrif á öryggisvitund“ brotaþola og haft í för með sér miklar „andlegar afleiðingar“. Brotaþoli hafi til að mynda átt erfitt með að vera ein heima við og hafi jafnframt óttast að rekast á ákærða á förnnum vegi.

D kvaðst hafa kynnst brotaþola í grunnskóla og hefðu þær verið vinkonur síðan þá. Ákærða þekki hún lítið. Greindi vitnið frá því að 10. nóvember 2024 hafi brotaþoli, sem hafi verið stödd á bílastæði N1 við Hringbraut, hringt í sig þar sem hún hefði orðið vör við „rautt rafmagnsljós“ í mælaborð bílsins. Sagði hún brotaþola hafa beðið sig um að kíkja á bílinn og mæla rafgeymi, en vitnið sé rafvirki. Þegar vitnið hafi komið á vettvang hafi lögregla þegar verið mætt og hafi brotaþoli setið í lögreglubifreið. Síðar hafi brotaþoli greint vitninu frá atvikum, þ.e. að ákærði hafi komið til hennar á bíl sínum, lagt við hlið hennar, öskrað á hana og barið í rúður bifreiðar hennar. Aðspurð sagði hún brotaþola hafa verið mjög „skelkaða“.

Vitnið, *E*, kvaðst hafa kynnst brotaþola í námi í bókmenntafræði við HÍ, auk þess sem þau hafi setið saman í stjórn bókmenntafræðinema við skólann. Utan þess hafi þau ekki verið í miklum tengslum, en hafi þó hist nokkrum sinnum utan skólatíma. Sagðist hann engin tengsl hafa við ákærða. Vitnið kvaðst aðspurður mjög lítið geta sagt til um

„hegðun“ ákærða í garð brotaþola á tímabilinu frá 1. október til 10. nóvember 2024, annað en það að brotaþoli hafi þá mætt æ sjaldnar í skóla og á stjórnarviðburði.

L2, læknir nr. [...], kvaðst geta staðfest vottorð sitt frá 16. október 2024. Spurður um þróun marbletta almennt séð, sagði hann marbletti verða til eftir átak af einhverju tagi, hvort heldur sem um sé að ræða högg eða þrýsting undan hendi, fingri eða áhaldi. Byrji slíkur áverki almennt með roða, en mar komi ávallt í ljós nokkru síðar, oftast nær eftir rúmlega 12 klukkustundir, nema áverki sé annað hvort mjög mikill eða „snöggur“, þá geti marið komið í ljós fyrr. Þegar marblettir séu byrjaðir að gulna sé almennt liðinn um eða yfir einn sólarhringur frá því að áverki var veittur, þó ekki mikið lengur.

F, sálfræðingur á LSH, sagði brotaþola hafa verið vísað til áfallateymis LSH eftir að hafa leitað á bráðamóttöku. Kvaðst hún hafa hitt brotaþola í fjögur skipti, auk þess sem brotaþola hafi verið boðin áframhaldandi þjónusta, sem hún hafi þó ekki nýtt sér. Var það niðurstaða teymisins að líklegt væri að brotaþoli væri með áfallastreituröskun, þótt þörf væri á nánara mati á því. Sagði hún aðspurð að algengt væri að fólk hætti í áfallameðferð áður en henni væri að fullu lokið. Á því gætu verið ýmsar skýringar, en algengasta skýringin sé „forðun“, sem sé „kjarnaeinkenni“ áfallastreituröskunar. Hún gæti þó ekki fullyrt að það ætti við um brotaþola, en miðað við lýsingar brotaþola hefði hún verið á „mjög slæmum stað“ og lýst „mjög mikilli forðun“. Sagði hún bata brotaþola ólíklegan hefði hún „haldið áfram að forðast“. Sálfræðingurinn kvaðst staðfesta vottorð sín frá 7. febrúar 2025 og 24. febrúar 2026.

L1, læknir nr. [...], kvaðst staðfesta læknisvottorð sitt frá 25. nóvember 2024. Kvaðst hann ekki hafa framkvæmt skoðunina sjálfur, en vottorðið væri unnið upp úr sjúkraskrá.

Lögreglumaður nr. [1] greindi frá því að lögregla hafi svarað útkalli á heimili brotaþola umrætt sinn, þ.e. þriðjudaginn 15. október 2024. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi verið þar fyrir ákærði og brotaþoli auk móður brotaþola og tíu ára dóttur brotaþola. Þar hafi því verið lýst fyrir lögreglu að ákærði hafi komið inn í íbúðina í leyfisleysi í þeim tilgangi að fjarlægja þaðan muni sem hann hafi talið sig eiga. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa tekið framburðarskýrslu af móður brotaþola. Lögreglumaðurinn staðfesti frumskýrslu.

Lögreglumaður nr. [2] sagði lögreglu hafa borist tilkynning um að „einhver væri að berja á rúðu og öskra á tilkynnanda“ á bensínstöð N1 við Hringbraut umrætt sinn, þ.e. 10. nóvember 2024. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi meintur gerandi verið

farinn, en brotþoli hafi verið þar í sjáanlegu uppnámi og lýsti hún atvikum fyrir lögreglu. Lögreglumaðurinn staðfesti frumskýrslu sína í málinu.

Niðurstaða

Ákærða er í A-kafla ákæru gefin að sök líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa, þriðjudaginn 15. október 2024, veist að brotþola, Y, á heimili hennar, með þeim hætti sem nánar er lýst í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar er lýst.

Ágreiningslaust er að ákærði kom á heimili brotþola umrætt sinn í þeim erindagjörðum að sækja þangað ýmsa muni sem hann taldi sér tilheyrja, í kjölfar sambúðarslita hans og brotþola nokkru áður. Þykir sannað að upp hafi komið ágreiningur þeirra í milli og að komið hafi til orðaskipta. Ákærði hefur hins vegar staðfastlega neitað að hafa veist að brotþola með þeim hætti sem lýst er, þ.e. hrint henni á bókaskáp með þeim afleiðingum að brotþoli féll í gólfið, gripið í handlegg hennar, snúið upp á hann og ýtt henni á ný frá sér, allt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákærukaflanum.

Ákærði og brotþoli eru í raun ein til frásagnar um atvik. Þó liggur fyrir í málinu að í íbúðinni voru einnig stödd móðir brotþola, A, ásamt tíu ára dóttur brotþola. Af framburði A verður þó ekkert ráðið um hvað átti sér stað innan veggja svefnherbergisins umrætt sinn, annað en það sem óumdeilt er, þ.e. að komið hafi til orðaskipta á milli ákærða og brotþola. Þá var það sem eftir henni var haft af lögreglu á vettvangi með nokkuð öðrum hætti en hún greindi frá fyrir dómi hvað þetta varðar.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og hefur framburður hans verið stöðugur. Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari það hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 108. gr. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Líkt og framar greinir gaf brotþoli tvívegis skýrslu hjá lögreglu, fyrst á vettvangi umræddan dag og síðar 11. desember sama ár. Gætir þar að mati dómsins ekki fulls innbyrðis samræmis. Þannig greindi hún ekki frá því við skýrslutöku á vettvangi að ákærði hefði veist að henni með þeim hætti sem að framan er lýst, heldur lýsti hún því einungis að framkoma ákærða hefði verið óþægileg og ógnandi í kjölfar sambúðarslita þeirra.

Gegn neitun ákærða verður framburður brotaþola ekki lagður til grundvallar sakfellingu, enda nýtur hann ekki stuðnings í gögnum máls, svo sem fyrirbyggjandi læknisvottorðum, þ.e. annars vegar vottorði L2 kvensjúkdómalæknis frá 16. október 2024, og hins vegar læknisvottorði undirrituðu af L1, yfirlækni á HSS, frá 24. nóvember sama ár, en fyrir liggur að hið síðar greinda vottorð er unnið upp úr „rafrænu sjúkraskrárkerfi“ brotaþola og gefur að mati dómsins ekki fyllilega lýsingu á ætluðum áverkum á brotaþola. Í vottorði L2 segir hins vegar að brotaþoli sé með marblett „[innanvert] á [vinstra] læri ofarlega og neðst utanvert á hægri litla [fingri] ... en vegna eymsla á [vinstri] mjöðm og öxl sjást ekki klárir áverkar“. Þá lýsti L2 því mati sínu að marblettir kæmu ávallt í ljós nokkru eftir áverka, „oftast nær eftir rúmlega 12 klukkustundir“ eða fyrr, auk þess sem marblettir væru almennt byrjaðir að gulna um einum sólarhring frá því áverki var veittur. Af gögnum máls verður ráðið að brotaþoli hafi leitað til neyðarmóttöku réttum einum sólarhring frá því meint atvik áttu sér stað. Þer vottorðum læknanna því ekki saman um áverka á líkama brotaþola sem komið geti heim og saman við þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök. Þegar til alls þessa er litið verður ekki talið að fram sé komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi veist að brotaþola með þeim hætti sem í ákærukaflanum greinir og verður hann því sýknaður af þeirri háttsemi.

Ákærða er í ákærukafla B gefið að sök umsáturseinelti, með því að hafa á tímabilinu frá 1. október til 10. nóvember 2024, endurtekið elt, fylgst með, sett sig í samband við, hótað og með öðrum sambærilegum hætti setið um brotaþola, gegn hennar vilja, líkt og nánar er rakið í átta undirköflum B-liðar ákæru. Ákærði neitar sök. Ákærði hefur þó allt að einu gengist að nokkru við þeirri háttsemi sem þar er lýst. Þannig hefur hann viðurkennt að hafa hringt „ansi oft“ í brotaþola, líkt og greinir í ákæruliðum B.I og B.V, og kvaðst ef til vill hafa gengið of langt í því efni, en gaf þá skýringu að hafa verið niðurbrotinn í kjölfar sambúðarslita þeirra. Þá hefur ákærði gengist við því að hafa sent brotaþola skilaboð og tölvupóst, líkt og greinir í ákæruliðum B.III og B.VII, auk þess að hafa „líkað“ við reikning brotaþola á stefnumótaforritinu Smitten, sbr. ákærulið B.VI. Ákærði hefur enn fremur gengist við því að hafa tekið mynd af bifreið brotaþola og sent henni, líkt og lýst er í ákærulið B.II, en þó neitað fyrir að hafa veitt henni eftirför um Reykjanesbraut, líkt og þar greinir.

Hvað varðar þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákærulið B.VIII hefur ákærði gengist við því að hafa lagt bifreið sinni við hlið bifreiðar brotaþola umrætt sinn

og reynt að ná þar sambandi við hana í þeim tilgangi að gera upp sambandslit þeirra og útkljá skiptingu eigna, eins og hann hefur sjálfur greint frá. Þá hefur hann gengist við því að hafa bankað á glugga bifreiðar brotaþola. Hann geti þó ekki fullyrt hvort hann hafi verið reiður eða æstur umrætt sinn og sagði hugsanlegt að hann hefði látið einhver orð falla, þótt hann geti ekki fullyrt hvað hann hafi sagt. Ákærði hefur þó staðfastlega neitað fyrir að hafa veitt brotaþola eftirför, líkt og rakið er í ákæruliðnum.

Ákærði hefur neitað sök samkvæmt ákærulið B.IV, þ.e. neitað fyrir að hafa komið óboðinn inn á heimili brotaþola 15. október 2024 og veist að henni með þeim hætti sem nánar er lýst í ákærukafla A.

Ákvæði 232. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 5/2021, hljóðar svo: „Hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.“

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 5/2021 um breytingu á almennum hegningarlögum segir meðal annars að umsáturseinelti sé hægt að hafa í frammi með ólíkum aðferðum sem seint verði tæmandi taldar. Í ákvæðinu séu þær algengustu taldar upp en orðin „með sambærilegum hætti“ eigi að tryggja að aðrar aðferðir sem beitt sé og séu til þess fallnar að valda öðrum hræðslu eða kvíða falli undir ákvæðið. Aðferð sem beitt sé við umsáturseinelti þurfi ekki að fela í sér sjálfstæðan refsiverðan verknað heldur geti hegðun, sem ein og sér sé ekki refsiverð, orðið það sé hún endurtekin. Geti háttsemin af þeim sökum falist í því að fylgja eftir eða elta annan mann ítrekað, koma á samskiptum eða sambandi við annan mann í óþökk hans eða með því að láta annan mann vita að fylgst sé með honum. Í þessu felist til dæmis að mæta í eigin persónu á vinnustað annars manns eða stað þar sem hann stundar íþróttir eða nám eða sinnir áhugamálum sínum eða fylgja honum eftir í netheimum, svo sem á spjallborðum eða netsamfélagsmiðlum.

Líkt og að framan greinir hefur ákærði gengist við að hafa viðhaft þá háttsemin sem honum er gefin að sök í undirliðum ákærukafla B, að undanskildum ákærulið B.IV. Óháð því hvaða sérstöku hvatir hafi legið til grundvallar háttsemin ákærða, sem slá má föstu að hafi verið í óþökk brotaþola, hafi háttsemin ákærða verið til þess fallin að valda henni hræðslu og kvíða. Í því efni verður enn fremur að líta til þess að ákærði ritaði þann 15. október 2024 undir yfirlýsingu hjá lögreglu þar sem hann skuldbatt sig til þess að

nálgast ekki brotþola eða hafa samband við hana með nokkrum hætti, meðal annars símtölum og tölvupósti, næstu sex mánuði.

Er samkvæmt framangreindu komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í B-kafla ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til 232. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar

Ákærði hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 10. janúar 2025, ekki áður sætt refsingu. Ákærði hefur í máli þessu verið fundinn sekur um brot gegn 232. gr. b almennra hegningarlaga og beindust brot hans að fyrrverandi sambúðarkonu hans. Að gættum 1. og 3. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga sem í ljósi atvika og þess að langur tími er liðinn frá atvikum þykir rétt að skilorðsbinda með þeim hætti sem í dómsorði greinir.

Einkaréttarkrafa

Í málinu hefur verið höfð uppi einkaréttarkrafa af hálfu brotþolans Y að fjárhæð 4.700.000 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og þar greinir. Í ljósi þeirrar háttsemi sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir og þeirra afleiðinga sem meðal annars greinir um í fyrrgreindu vottorði F sálfræðings þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákveðnar 400.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum líkt og nánar greinir í dómsorði. Einkaréttarkrafan var birt ákærða 10. janúar 2025 og miðast upphafstími dráttarvaxta við það, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Sakarkostnaður

Að virtri niðurstöðu málsins verður ákærða gert að greiða helming sakarkostnaðar málsins. Samkvæmt framlögðu sakarkostnaðaryfirliti lögreglustjóra frá 17. febrúar 2025 nemur áfallinn sakarkostnaður samtals 156.989 krónum sem er til kominn vegna tveggja læknisvottorða og vottorðs sálfræðings. Þá heyra til sakarkostnaðar málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Egils Gylfasonar lögmanns hæfilega ákveðin 1.722.825 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Elísabetar Pétursdóttur lögmanns, 1.351.755 krónur. Er þóknun lögmannna ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti og að teknu tilliti til umfangs málsins. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds fór Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari með málið.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falli að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, Y, 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. október 2024 til 10. febrúar 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Egils Gylfasonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 1.722.825, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, sem alls er ákveðin 1.351.755 krónur. Ákærði greiði helming annars sakarkostnaðar sem nemur alls 156.989 krónum. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði

Þórhallur Haukur Þorvaldsson